



Reykjavík 22. apríl 2022

Til velferðarnefndar Alþingis

Efni: Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um stjórn Landspítala í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Sjúkraliðafélag Íslands þakkar tækifærið til að senda inn umsögn um viðkomandi frumvarp. Það er alveg ljóst að styrkja þarf Landspítalans svo hann geti uppfyllt sitt lögbundna hlutverk. Hver einasta stétt sem vinnur á spítalanum hefur lýst yfir áhyggjum sínum af stöðu mála og ítrekað býr þetta flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu við neyðarástand.

1. Sjúkraliðafélagið leggur til að fulltrúum starfsmanna í stjórn Landspítalans verði fjölgað úr tveimur og í þrjá í grein 1. Ástæðan fyrir því er sú að fjölmennustu heilbrigðisstéttir spítalans eru þrjár en ekki tvær. Með einungis tveimur fulltrúum starfsfólks í stjórn er hættu á að stjórnarsætin verði skipuð fulltrúa lækna og hjúkrunarfræðinga en að sjúkraliðar verði skildir eftir. Slíkt er óásættanlegt enda afar mikilvægt að rödd sjúkraliða heyrir m.a. í stjórn spítalans. Að sama skapi væri óeðlilegt hjúkrunarfræðingar ættu ekki fulltrúa í stjórn ef það kæmi til þess að læknir og sjúkraliði sætu þar inn. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess hlutverk sem stjórnin á að hafa þegar kemur að mótun langtímastefnu spítalans og starfsáætlunar hans. Þá minnir Sjúkraliðafélagið á að hugsunin er að stjórnin sé fagleg eins og segir í greinargerðinni. Minnt er á að í greinargerð frumvarpsins er áhersla á að samsetning stjórnar endurspegli þá „fagþekkingu á þeim sviðum sem falla undir hlutverk spítalans“. Að hafa einungis tvo fulltrúa starfsfólks í stjórn skapar óþarfa togstreitu sem mun veikja stjórnina.
2. Sjúkraliðafélagið leggur til að stjórnarmennirnir sem eru fulltrúar starfsmanna hafi einnig atkvæðisrétt í grein 1. Afar sérkennilegt er að undanskilja atkvæðisrétt einungis hjá þessum tveimur stjórnarmönnum eins og er nú gert ráð fyrir í drögum. Spítalinn er lítið meira en það starfsfólk sem þar starfar og eigi stjórnin að geta náð einhverjum

árangri þurfa starfsmenn spítalans í stjórninni að hafa sama vægi og aðrir stjórnarmenn. Það er algjörlega augljóst.

3. Sjúkraliðafélagið fagnar að skipað er sérstakt notendaráð en leggur þó til að fulltrúi sjúklinga úr notendaráði fái áheyrnarfulltrúa í stjórn spítalans rétt eins og skipuðu ráðgjafarnefnd Landspítalans árið 2018-2020.
4. Að lokum leggur Sjúkraliðafélagið áherslu á að tilgangurinn með skipun sérstakrar stjórnunar Landspítala er að styrkja spítalann. Stjórnin þarf því að njóta traust og þeirra úrræða sem hún telur að þurfi svo hún geti sinnt sínu hlutverki.

Virðingarfyllt,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands